

## Ofsóknir og andskotar barnanna

Um miðbik nítjándu aldar sagði fræðaformóðir kvenfrelsaranna, hin norður-ameríska Elisabeth Cady Stanton (1815-1902): „Karlínn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ Undir lok annarrar bylgju kvenfrelsunar, að áliðnum sjöunda áratugi síðustu aldar, settust fræðadætur og -dótturdætur á rökstóla um herkænsku með grundvallarkennisetningu þessa í farteskinu. Hvernig skyldi nú haga kvenfrelsunarbaráttunni? Árið 1971 héldu þær svo ráðstefnu í Nýju Jórvík (New York).

Þar var tekinn upp þráður formóðurinnar um illsku og ofbeldi karla. Mary Ann Manhart og Florence Rush (1918-2008) sömdu svohljóðandi ávarp (New York Radical Feminists Manifesto of Shared Rape): „Það er engin tilviljun, að kvenfrelsarar í Nýju Jórvík hafi, með vitundarvakningu að vopni, uppgötvað, að nauðgun sé ekki ógæfa hvers og eins, heldur fremur reynsla, sem allar konur eiga sameiginlega í einni eða annarri mynd. Hafi fleiri en tveir orðið fyrir sömu kúgun, er um að ræða stjórnmalalegt málefni. Það er ekki lengur einstaklingsbundið. ... Og nauðgun er stjórnmalalegs eðlis. ... Þungamiðja afhjúpunarinnar (á ráðstefnunni) var sú, að enginn greinarmunur sé á ofbeldisfullum nauðgaram og unnusta/eiginkarli. ... Nauðgun er rökrétt eðlisbirtingarmynd þess sambands, sem nú ríkir milli karla og kvenna.“ (Úrdráttur)

Ráðstefnan markaði tímamót í hernaðinum gegn körlum. Gloria Steinem (f. 1934) sagði t.d.: „Það er ekki hinn ókunni karlmaður úti á götu, sem konu stafar mest hætta af. Ei heldur fjandi í stríði. Heldur [er það] eigenmaður eða elskhugi í tvísemnd innan veggja heimilisins.“ Baráttan gegn samfélagsgerðinni sem slíkri, þ.e. auðvaldssamfélaginu, vék. Hinn einstaki karl eða faðir, varð skotspónninn: „Við verðum að afnema bannsett (fucking) feðraveldið. Afnáam auðvaldsins er hégómi fyrir okkur.“

Florence Rush sagði: „Í kynferðislegri misnotkun stúlkubarna felst þjálfun og undirbúningur fyrir verðandi eiginkonur og mæður...“ Susan Brownmiller (f. 1935) sagði í bók sinni frá árinu 1975, „Andstætt vilja okkar“ (Against Our Will): „Nauðgun er hvorki meira né minna en ásetningsógn; að halda konum í stöðugri skelfingu.“ „Undirstaða kvenfrelsunar er trúin á frásagnir kvenna af kynferðislegri notkun og misnotkun karla,“ bætti svo við lögfræðingurinn, Catharine MacKinnon, sem árið 1979 skrifaði bókina, „Kynferðisleg áreitni í garð vinnandi kvenna,“ (The Sexual Harassment of the working Woman). Höfundur lagði svo út af grundvallarkennisetningu kvenfrelsunarformóðurinnar: „Undirstaða kvenfrelsunar er trúin á frásagnir kvenna af kynferðislegri notkun og misnotkun karla.“ (Þessi kennisetning er orðin að leiðarvísi ríkisstjórnar Íslands.) Hún eignaði kvenfrelsurum þá löggjöf, sem beitt var í hernaðinum gegn körlum: „Við erum höfundar laganna frá upphafi. Og nú göngum við með sigur af hólmi.“ Catherine er talinn stofnmóðir (founding mother) eða herstjóri í stríðinu gegn körlum á nefndu sviði.

Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi forstýra Jafnréttisstofu og núverandi „leiðtoga“ kvenfrelsunarfræðadeildar HÍ, hefur einnig lagt orð í belg um ofbeldi á heimilum og kynferðislegt ofbeldi gegn konum og stúlkum. Karlmennt í heilbrigðisþjónustu hafa einkum verið skotmark hennar. Hún segir: „Hvernig stendur á því að karlar, sem lengstum hafa ráðið ríkjum í stéttum lækna og sálfræðinga hafa ekki [fyrir] löngu kannað rækilega þessa hegðun [kynferðislegt ofbeldi gegn stúlkubörnum] meðbræðra sinna. Hefur verið í gildi einhver

þegjandi samtrygging karla um að tala ekki um þessi mál og taka mildilega á þeim, jafnt í dómstólum sem annars staðar?“

Í árdaga herferðarinnar komu ásakanirnar hver á fætur annarri. Staðhæft var, að fjórðungi allra kvenna væri nauðgað af körlum; að drjúgur þriðjungur allra kvenna hefði verið kynferðislega misnotaðar af körlum í bernsku; að níutíu af hundraði kvenna yrðu fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum; að drjúgur þriðjungur kvenna hefði orðið fyrir ofbeldi af hálfu karls á heimili; að konur væru einu fórnarlömb heimilisofbeldis; að á heimilinu væri konum og börnum mest hætta búin; að feður mættu að meinalausu fara forgörðum; að engar konur tækju þátt í tilraunum í sambandi við hjartakvilla; að sjálfsvirðing stúlkna versnaði stöðugt; að konur væru hálfdrættingar karla í launum; að karlar fengu forsjá barna sinna miklu oftari við skilnað; að um 10.000 konur (í BNA) létu lífið við vafasamar fóstureyðingar (áður en þær voru gefnar frjálsar). (Stuðst er við bók Frank S. Zepezauer (f. 1928), Kvenfrelsunarkrossferðirnar (The Feminist Crusades).

Stjórnvöld í BNA og víðar breyttu upp ermarnar. Bjarga þyrfti konum og börnum í neyð í anda gamalgróinnar karlmennsku. Árið 1974 fengust samþykkt örlagarík lög lögfræðingsins og varaforseta BNA, Walter Frederick Mondale (f. 1928), „Lög um vernd barna gegn misnotkun og meðferð þeirra“ (Child Abuse Prevention and Treatment Act). Lögjöfin olli straumhvörfum.

Sprautað var inn fjármagni til rannsókna, stofnunar barnaverndar (child protection agencies) og þjálfunar starfsmanna. Barnaverndin tók til óspilltra málanna samkvæmt „aðgerðaáætlun gegn misnotkun barna og meðferðar þeirra“ (Child Abuse Prevention and Treatment Program Act (CAPTA)). Fram að því voru tilkynningar um misferli gegn börnum sjaldgæfar. Í kjölfarið var sett á stofn gífurlegt skriffræði á vegum alríkisstjórnarinnar, sem skyldaði alþýðu og starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu að tilkynna grun um brot af þessu tagi. Það var falið í vald tilkynnanda og „rannsakanda“ hjá barnaverndaryfirvöldum og lögreglu, hvort um brot væri að ræða og ætti heima í réttarsölum.

Víða voru settar á laggirnar gjaldlausir símar, þar sem mátti senda inn nafnlausar tilkynningar. Sömuleiðis voru gerðar skrár um sakborninga, án tillits til, hvort þeir væru sakfelldir eða ekki. Skráning stendur óhöggðu árum saman. Tæp áttatíu af hundraði skráðra einstaklinga eru saklausir. Tilkynnandi nýtur réttarverndar eða friðhelgi laga, megi ætla, að hlutaðeigandi; þ.e. almennir borgarar, starfsmenn í dómskerfinu eða fagmenn, hafi tilkynnt ótilhlýðilega háttsemi í „góðri trú.“ Og skiptir þá engu, hvert sé tilefni tilkynningar eða niðurstaða dóms. Síðustu áratuginna hefur orðið „tilkynningasprengring.“ Árið 2009 bárust 3.3 milljónir tilkynninga eða aukning um 2.438% á tæpri hálfri öld. Tveir þriðju hlutar þeirra eru tilhæfulausar og enn verma menn fangaklefa í málum, sem ekki hefur tekist að fá endurupptekin.

Á grundvelli ofangreindra laga var stofnað fræðasetur (National Center on Child Abuse and Neglect) um málaflokkinn undir forystu Douglas J. Besharov við háskólanum í Maryland. Hann skrifaði m.a. bókina, „Að bera kennsl á misnotkun barna (Recognizing Child Abuse)“ Hann segir m.a.: „Jafnvel í tilvikum, þar sem unnt er að færa sönnur á misnotkun, er hlutfall alvarlegra tilvika (þ.e. andláts, lífshættu eða alvarlega áverka) lágt. Í raun eru langflest, staðfesta tilvika um misnotkun og vanrækslu, „minniháttar“ eins og t.d. að slæma hendi til barns eða vanburðugt heimilishald. Hvað viðkemur kynferðislegu ofbeldi, var einungis sex af hundraði tilvika „álitinn af alvarlegu tagi.“ Þau tilvik, sem út af stóðu, fólu að líkindum í sér eitthvað í ætt við ótilhlýðilega snertingu, gælur.“ (Stephen M. Krason)

Í baráttu gegn misnotkun var lögð ofuráhersla á menntun og fræðslu starfsmanna í barnavernd og lög- og dómgæslu. Kviðdómendur voru meira að segja skólaðir. Sérfræðingar af ýmsu tagi voru hvattir til dáða við fræðslu og rannsóknir á meintum ódæðum. Í viðtölum við ákærendur, þ.e. börnin, var reglan einföld. Þeim skyldi trúað, skýrðu þau frá misnotkun. Könnuðust þau hins vegar ekki við misnotkun, var viðkvæðið, að þau „væru ekki tilbúin til að afhjúpa [glæpinn].“ (Dorothy Rabinowitz)

Susan Kelly, hjúkrunarfræðingur, var ein þeirra, sem kvaddi sér hljóðs meðal sérfræðinga. Hún lofaði t.d. verðlaunum, ef börnin segðu frá „slæmum hlutum,“ lagði að börnunum, að uppljóstrun þeirra myndi hjálpa hinum börnunum. Einnig var þeim gert ljóst, að létu þau hjá líða, yrði hún sorgmædd. Þrátt fyrir, að sum barnanna neituðu því hnakkakerrt, að misnotkun hefði átt sér stað, lagði hjúkrunarfræðingur að foreldrum að senda börnin í meðferð, þar sem hún væri sannfærð um, að börnin væru í afneitun.

Þau ólseigustu voru yfirheyrð klukkutímum saman af bæði lögreglu og barnaverndaryfirvöldum, sem m.a. voru vopnuð dúkkum, þar sem kynfæri voru sérstaklega áberandi og sýnd í smáatriðum. Eitt stúlkubarnanna svaraði, þegar hún var spurð um, hvar „trúðurinn“ hefði snert hana; „á fótinn.“ Sérfræðingurinn reyndi einnig að leiða börnin að sannleikanum við hjálp ævintýra. Í einu slíku umhverfðist hali fíls í ævintýrinu í reður hins ásakaða.

Sum barnanna sáu sér leik á borði og snéru taflinu við með „kaup kaups aðferð“, þ.e. þau heimtuðu verðlaun segðu þau „eithvað sérstakt.“ Börnin voru sömuleiðis beitt annars konar þrýstingi. Þau voru brýnd til þess að gleðja foreldrana með frásögnum um „eithvað sérstakt“ og að standa sig í frásögnum eins vel og vinir þeirra. Einn drengjanna tók áskorun. Honum sagðist svo frá, að hann væri eltur af lýsandi hnöttum (boltum) með bláum doppum, og að sextán börn í leikskólanum hefðu týnt lífi. Hjúkrunarfræðingurinn sendi börnin sömuleiðis í hópmeðferð, þar sem þau léku sér með eftirlíkingar af nöktu fólki og spjölluðu um reynslu sín af leikskólanum.

Sögur barnanna voru skiljanlega ævintýralegar í ljósi þroska forskólabarna, þar sem hið töfrakennda hugarflug er í fyrirrúmi. „Fimm ára gamalt barn tjáði réttinum, að Margrét leikskólakennari hefði breytt honum í mús, meðan á flugferð til ömmu stóð yfir.“ Annað barn hélt því fram, að Margrét hefði beðið hann um að stinga sverði inn í endaparm hennar. Lögfræðingar og dómari ræddu drygklanga stund, hvort um væri að ræða sög eða spjót. En hvort heldur sem var sýndi kennarinn barninu kurteisi, sagði „þakka þér,“ þegar hann dró spjótíð út úr afturenda hennar. (Dorothy Rabinowitz)

Eins og fram kemur tóku dómamar og misnotkunarsérfræðingar, starf sitt í alvöru. Þeir höfðu m.a. lært, að börn lygju ekki til um kynferðislega misnotkun. Væri hins vegar svo, að þau könnuðust ekki við misnotkun, var viðkvæðið, að þau „væru ekki tilbúin til að afhjúpa [glæpinn],“ eins og áður sagði. Það var svo sem ekki svo nauðið með sannleikann. Tilgangurinn helgaði meðalið. T.d. sagði Lawrence Hardoon, saksóknari, í viðtali við Boston Globe, að stríðið gegn kynferðislegri misnotkun barna svo áriðandi að leggja þyrfti sig fram um að sakfella alla, sem ákærðir væru. Og hann varpar fram þeirri spurningu, sem hann þegar hafði svarað: „[Æ]tti samfélagið ekki að sjá í gegnum fingur með það, að röng sakfelling eigi sér stað eins og tvisvar, í skiptum fyrir vernd hundraða barna.“

Kviðdómamar og dómamar þurftu að meta fjölskrúðugar ásanarir: Til að mynda þvingun til að stinga spjótí í endaparm níðingsins, umbreytingu í mús, smurningu hnetusmjörs á kynfæri,

Þvingun til að drekka sannleiksdrykk, nauðgun með hnífum, göfflum, legókubbum, töfrastafi og sleif, misþyrmingar í loftbelgjum, í undirgöngum, þvingun til horfa á fuglaslátrun, ofsókn vélmennis með blikkandi, bláum ljósum; pyndingu, bundinn nakin á lóð, meðan skorinn var fótur af íkorna (þar sem börn og starfsmenn voru nærstaddir); pyndingu, þegar leikskólakennarar stungu rauðfjólubláum og hvítum töfrastöfum inn í endaþarm og skeið. Allir kennarar voru áhorfendur.

Sérfræðingarnir lögðu þeim skilning til. Eileen Treacy, sagði t.d., að neitun barna væri „sönnun bælingarskeiðsins (minninganna),“ þáttur í svonefndu aðlögunarheilkenni ( child accomodation syndrome), sem færði heim sanninn um óþverraskapinn. Svo væri það einboðið, að hefðu börnin gott samband við kvalara sinn, væri það sönnun um aðlögunarheilkennið, svokallað aðgerðaskeið (engagement), enda væri vinsemd, alúð og vinátta snar þáttur í hátterni kynferðisafbrotamanna. Eileen sagði einnig: „Það er alkunna, að lyktin af túnfiski sé svipaður lykt skeiðarseytis.“ Undir síðustu aldamót hafði listi hennar yfir einkenni aukist úr þrjátíu og tveim í sextíu og sex. (Dorothy Rabinowitz)

Annar nafntogaður sérfræðingur, Laurie Braga, beitti yfirheyrslum með dúkkum og „þykjustuleikjum,“ þar sem eggjun og kynferðislegri sefjun var áberandi.“ Þegar börnin neituðu kynferðislega misnotkun, beitti Laurie því bragði að telja upp og sýna barninu alls konar kynferðislegt hátterni. Í yfirheyrsluskjölum má m.a. lesa þetta: „Nuddaði hann reði sínum að utanverðu eða setti inn í þig ... tróð hann reði sínum hérna eða þarna eða í munn þér. Hvað annars staðar?“ (Dorothy Rabinowitz)

Laurie Braga var í sérstöku uppáhaldi hjá Janet Wood Reno (1938-2016), fyrsta kvenríkissaksóknara Florida, sem dubbuð var upp til ríkislögmanns (attorney general) af Bill Clinton (eða Hillary) og þjónaði einnig undir Barack Obama. Janet fékk það orðspor að vera heitúðugasti andstæðingur barnaníðinganna. Hún var kosin kona ársins 1993 af „Tímaritinu Gliti og gljáa“ (Glamour) og árið 2000 tekin í tölu mikilvægra kvenna, sem valdið hafa straumhvörfum í þjóðlífinu. Það gerði stofnunin „Þjóðfrægar konur“ (National Womens Hall of Fame) í Seneca Falls, þar sem sjálfstæðisýfirlýsing kvenna var samín og undirrituð árið 1848.

Þýðingar eru höfundar.